

## Fundargerð

### 276. fundur stjórnar Úrvinnslusjóðs

Miðvikudaginn 20. nóvember 2019 kl. 09<sup>00</sup> – 10<sup>20</sup>.

Mætt: Laufey Helga Guðmundsdóttir (LHG), formaður Ólafur Kjartansson (ÓK), framkv.stj.  
Benedikt S. Benediktsson (BSB) Guðlaugur Sverrisson (GS), fundarritari.  
Bryndís Gunnlaugsdóttir Holm (BGH)  
Heiðrún Lind Marteinsdóttir (HLM) (fj.v.)  
Hlíðar Þór Hreinsson (HÞH)  
Lárus M.K. Ólafsson (LÓ)  
Eygerður Margrétardóttir (EM)

#### 1. Fundargerð síðasta fundar

*Samþykkt*

#### 2. Úrvinnslusjóður

Álit Reikningsskilaráðs hefur ekki borist. Búið er við að álit Reikningsskilaráðs verði tekin á fundi ráðsins 4. desember 2019.

*Bókun stjórnar um stöðu Úrvinnslusjóðs:*

*Að gefnu tilefni færir stjórn Úrvinnslusjóðs það til bókar að sjóðurinn er og hefur í nokkurn tíma verið óstarfhæfur vegna breytinga sem orðið hafa á meðferð tekna af úrvinnslugjaldi í kjölfar gildistöku laga um opinber fjármál. Frá þeim tíma hafa tekjurnar alfarið verið færðar í ríkisreikning sem tekjur ríkisins en ekki sem tekjur sjóðsins. Á móti hefur sjóðurinn notið framlaga á útgjaldahlíð fjárlaga sem grundvallast hafa á áætlun um tekjur af úrvinnslugjaldi fyrir komandi ár.*

*Til grundvallar löggjöf um starfsemi Úrvinnslusjóðs og álagningu úrvinnslugjalds liggur samkomulag ríkisins, sveitarfélaga og fulltrúa atvinnulífsins um fyrirkomulag ábyrgðar framleiðenda og innflytjenda á úrvinnslu tiltekinna vöruflokka. Sú ábyrgð grundvallast á ákvæðum EES-gerða sem leggja ótvíræðar skyldur á íslenska ríkið. Óhætt er að fullyrða að samstarf framangreindra aðila hefur hingað til verið afar farsælt.*

*Meðferð tekna af úrvinnslugjaldi sem ríkistekna, þrátt fyrir að þær séu í lögum tilgreindar sem tekjur Úrvinnslusjóðs, hefur bæði haft bein áhrif á afkomu sjóðsins og möguleika hans til að afla og miðla áfram fullnægjandi upplýsingum um starfsemina. Alvarleiki málsins endurspeglast m.a. í því að stjórn sjóðsins hefur ekki verið fært að gera, skila og birta ársreikninga Úrvinnslusjóðs um þriggja ára skeið og að sama skapi hafa forsendur til vinnslu áætlunar um tekjuþörf vegna einstakra uppgjörflokka verið takmarkaðar og óljósar.*

*Um þessar mundir stefna stjórnvöld að því að auka við verkefni Úrvinnslusjóðs í takt við frekari skuldbindingar samkvæmt EES-samningnum. Ætla verður að þau áform hafi einmitt komið til vegna þess hve samstarf ríkis, sveitarfélaga og atvinnulífs hefur gengið vel á vettvangi sjóðsins og hann náð árangri sem tekið er eftir. Á sama tíma eru forsendur samstarfsins hins vegar í raun*

brostnar og það þrátt fyrir að framangreindir aðilar hafi lýst yfir ríkum vilja til að viðhalda samstarfinu.

Þar sem viðunandi lausn á þeim vandkvæðum sem hér hafa verið rakin virðist ekki á teikniborðinu kemst stjórn Úrvinnslusjóðs ekki hjá því að skrásetja með skýrum hætti að sjóðurinn getur ekki að óbreyttu tekið við nýjum verkefnum. Undir núverandi kringumstæðum er staðan í raun sú að Úrvinnslusjóður á í stökustu vandræðum með að sinna þeim verkefnum sem honum hafa þegar verið falin. Bráðnaudsynlegt er að hið fyrsta verði, í samstarfi við sjóðinn, fundin ásættanleg lausn sem gerir sjóðnum fært að starfa áfram á grundvelli þess samstarfs sem um langa hríð hefur tryggt árangursríka niðurstöðu í úrvinnslumálum á Íslandi. Núverandi staða er hreint út sagt óviðunandi og það verður hneisa ef meiri hagsmunum verður fórnað fyrir minni í ljósi kerfislegra viðfangsefna.

### 3. Pappaumbúðir

Framhaldið var umræðum frá síðasta stjórnarfundum um erindi frá þjónustuaðila um erfiðari aðstæður á pappamarkaði.

Jafnframt var farið yfir verðþróun á markaði og stöðu sjóðsins.

Sýnt var línurit um fylgni verðs á heimsmarkaði og endurgjalds Úrvinnslusjóðs. ÓK fór yfir og sýndi hugmynd af líkani til að reikna út endurgjald Úrvinnslusjóðs sem tekur tillit til ýmissa þátta s.s. byggingavísitölu, gengi krónu og söluverði á markaði. Vinna þarf betur í grunnupplýsingum sem settar verða sem gildi í slíkt líkan. Stjórn ræddi um endurgjald fyrir pappambúðir. Umræðu frestað.

### 4. Önnur mál

ÓK sagði frá erindi er hann flutti á fundi á vegum Harvard Kennedy School, The Wilson Center & Chairmanship of the Arctic Council um plastmengun í hafi á norðurslóðum. Erindið fjallaði um samning Úrvinnslusjóðs við SFS um endurvinnslu á veiðarfærum.

BHG yfirlit fund kl. 10:10

Næsti fundur 27. nóvember 2019 kl. 09:00

Fundi slitið kl. 10:20

Klaus Ólaf  
Bunni S. Bunni  
Kauþey Helga Guðmundsdóttir  
Eggþórunn Margrétardóttir